

Mánudaginn 9. september 1991.

Nr. 367/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Garðari Garðarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með yfirlýsingu í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur við uppkvaðningu úrskurðarins hinn 4. september 1991. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. september 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 4. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Garðari Garðarssyni, kt. 100165-4499, Stangarholi 26, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudags 18. september nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Kærði mótmælir kröfunni.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt fimmtudags 29. ágúst sl. var framinn innbrotspjófnaður í skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar, Laugavegi 5, Reykjavík. Að mati eiganda verslunarinnar er verðmæti þess, sem stolið var, rúmar 3,7 milljónir króna. Var þar um að ræða skartgripi og gull til skartgripasmíði.

Þrír menn hafa nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins. Nokkur hluti þýfisins hefur fundist, en meiri hluti þess er enn

ófundinn. Einn þeirra, sem sætir gæsluvarðhaldi, Sigurbjörn Gunnar Utley, hefur greint frá því, að hann hafi nóttina, sem innbrotið var framið, verið staddur heima hjá Herði Karlssyni að Klapparstíg 26, þegar Hörður hafi komið þangað og beðið sig að koma með sér út og aðstoða sig. Hafi hann farið með Herði í framangreinda skartgripaverslun. Þar hafi þá verið fyrir kærði Garðar Garðarsson. Hörður hafi beðið sig að aðstoða þá við að afmá ummerki í versluninni eftir innbrotspjófnaðinn. Eftir þetta hafi þeir farið heim til Harðar, en Garðar hafi farið eitthvað annað. Heima hjá Herði hafi hann látið sig hafa u.þ.b. 30 gullhringi og beðið sig að koma þeim í verð.

Fram hefur komið við yfirheyrslur, að kærði, Garðar Garðarsson, hafi haft á brott með sér verulegan hluta þess, sem hvarf í innbrotinu.

Síðdegis í gær var kærði handtekinn á heimili sínu og húsleit framkvæmd. Meðal þess, sem fannst við leitina, er tölvuvog, sem eigandi framangreindrar skartgripaverslunar staðfestir, að horfið hafi í innbrotinu.

Kærði hefur staðfastlega neitað aðild sinni að framangreindum innbrotspjófnaði.

Eins og fram kemur í rannsóknargögnum málsins, hafa fleiri en einn þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið, borið, að kærði hafi verið einn þeirra, sem frömdu innbrotspjófnað þann, sem verið er að rannsaka. Fram er komið, að verðmæti þess, sem stolið var, nemur háum fjárhæðum.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir óhjákvæmilegt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Brot það, sem kærði er hér grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Garðar Garðarsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. september nk. kl. 16.00.